

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Dalshverfi III, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 22. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Dalshverfis, III áfanga.

Breyting á deiliskipulagi vegna lóða við Trölladal 11, reit G skv. deiliskipulagi. Meginbreytingar eru að íbúðum á reit fjölgar úr 24 í 30 og byggingarmagn er aukið um 480 m² alls. Bílastæðakrafa lækkar úr 2 stæðum á lóð í 1,5, sbr. uppdrætti Teikna teiknistofu arkitekta dags. 10. maí 2023.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Efnislosunarsvæði – Njarðvíkurheiði, nýtt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 20. júní 2023 nýtt deiliskipulag fyrir efnislosunarsvæði – Njarðvíkurheiði.

Reykjanesbær undirbýr jarðefnamóttöku á svæði sunnan Reykjanesbrautar sem í aðalskipulagi er skilgreint fyrir efnislosunarsvæði (E5) á Njarðvíkurheiði. Skipulagssvæðið er tæpir 5 hektarar og heimil losun 500.000 rúmmetrar. Heimilt verði að losa efni til geymslu.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 4. september 2023,

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.